



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa framkvæmdir og viðhald

Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sbr. 27. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 25. október 2023.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 25. október 2023:

Lagt er til að ráðist verði í tafarlaugar úrbætur á frárein af Reykjanesbraut inn á Álfabakka. Nú eru gatnamót fráreinarinnar við Álfabakka ruglingsleg og augljós slysigildra. Lagfæra þarf gatnamótin og bæta merkingar við þau. Einnig þarf að gera úrbætur á Álfabakka, milli umræddrar fráreinar og Árskóga. Meðal annars þarf að merkja miðlínu og fjarlægja merkingar, er gefa til kynna að þar sé um einstefnu að ræða, sem skapar einnig slyshættu.

Svar við fyrirspurn

Búið er að mála stöðvunarlínu og setja upp stöðvunarskilti- og einstefnuskilti á aðreininni við Álfabakka til að bæta umferðaröryggi. Að auki er búið að merkja miðlínu á milli aðreinar og Árskóga ásamt því að fjarlægja merkingar.

Á næstunni verður farið í að bæta sjónlínulengdir með því að grisja gróður við gatnamótin.

Verið er að endurhanna gatnamótin með því að þrengja þau eins og hægt er, en þó með því að strætó og flutningabílar geti farið þarna um með góðu móti. Farið verður í þá framkvæmd um leið og hönnunin klárast og áætlað er að ljúka framkvæmdum fyrir áramót ef veður leyfir.

Virðingarfyllst,
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmdir og viðhald